

Reykjavík, 23. Júní, 2020

Rafmagnsveita ríkisins, RARIK
b/t Laufeyjar Gunnþórsdóttur
Vesturtanga 10
580 Siglufirði

Sveitarfélagið Fjallabyggð
b/t Helgu Írisar Ingólfssdóttur og Ármanns Viðars Sigurðssonar
Gránugötu 24
580 Siglufirði

Erindi:

Vatnsinntak og hitaveitulögn, Ljósastöðinni, Hólavegi 43, 580 Siglufirði – umsókn um stuðning í formi afsláttar

Góðan dag.

Við hjónin erum eigendur að Ljósastöðinni á Siglufirði, Hólavegi 43.

Ætlun okkar er að byggja upp menningar- og samfélagsmiðstöð í húsinu. Húsið verður ekki rekið í hagnaðarskyni, heldur verður tilgangur starfseminnar að leggja af mörkum til menningar- og mannlífs Fjallabyggðar.

Ljósastöðin er menningar- og sögulega verðmætt hús og við lítum svo á að það sé mikilvægt að Siglufirðingar og aðrir hafi aðgang að því til að nota og njóta. Upphaflega var fjórða virkjun Íslands reist á þessum stað (1918) og Ljósastöðin sá Siglufirðingum fyrir rafmagni um margra áratuga skeið. Það er einlægur ásetningur okkar að gera húsið fallett og aðlaðandi, bæði að utan sem innan, bæði hvað varðar starfsemi og útlit.

Varðandi starfsemina í húsinu, þá viljum við helst að hugmyndirnar komi frá fólkinu sem óskar eftir því að nota húsið, til að fjölbreytni starfseminnar verði sem mest og að húsið þjóni sem breiðustum hópi af fólki. Leiga fyrir afnot verður ávallt í lágmarki og eingöngu rukkuð með þann tilgang að standa undir grunnrekstri hússins. Ef okkur tekst að fá styrki frá menningasjóðum, þá munum við ekki rukka leigu, heldur lána húsið endurgjaldslaust.

Hér eru nokkur dæmi um möguleika á starfsemi til glöggvunar:

1. Residensía til lengri eða skemmri tíma fyrir allar tegundir skapandi greina
 - Tónlistarfólk
 - Sviðslistafólk
 - Kvikmyndagerðarfólk
 - Rithöfundar
 - Ljósmyndarar

- Myndlistafólk
 - Hönnuðir
2. Samfélagskvöld /eftirmiðdagar
- Lifandi tónlist
 - Sýningar
 - Spilakvöld
 - Ráðstefnur
 - Fundir
 - Kvikmyndakvöld
 - Flóamarkaðir
 - Hannyrðakvöld
3. Námskeiðahald og annað
- Jóga
 - Magadans
 - Hannyrðir
 - Hljómplötuupptökur
 - Æfingar fyrir leikrit eða kvikmyndir
4. Veislur (Ath. endurgjaldslaust eða lágmarksleiga)
- Fermingar
 - Afmæli
 - Útskriftir
 - Skírnir

Við höfum nú þegar hýst nokkra viðburði í Ljósastöðinni, en í henni hefur verið tekin upp ein hljómplata, kórin Kliður hefur notað það til æfinga og ein sirkussýninging hefur verið haldin þar.

Ljósastöðin þarfnast verulegra endurbóta en við erum að sjá um þá vinnu mestmegnis sjálf auk sjálfboðaliða úr röðum kunningja, fjölskyldu og vina. Allar endurbætur eru gerðar með umhverfissjónarmið að leiðarljósi, til dæmis með því að endurnýta efni sem til fellur m.a. úr leikmyndum.

Í húsinu er óstöðugt vatnsinntak, ekki neysluvatn og ekki hitaveita, en þetta þrennt þarf klárlega að vera til staðar til að hægt sé að nýta húsið í menningarlegum tilgangi. Við ætlum að byrja að lána húsið í byrjun árs 2021 og stefnum á að klára hitaveitu- og vatnsframkvæmdir í sumar.

Við óskum góðfúslega eftir því að RARIK og Fjallabyggð styrki þessar lagnaframkvæmdir okkar í formi afsláttar og með því að samnýta gróftinn sem fylgir því að leggja þessar lagnir. Í staðinn viljum við skuldbinda okkur að leggja af mörkum til samfélagsins í Fjallabyggð – og við munum sannarlega gera það.

Við hjónin höfum töluverða reynslu af samvinnurekstri með menningarlegum tilgangi. Við stofnuðum og rákum Kaffi Hljómalind í Reykjavík, en það kaffihús var fyrst og fremst

samfélagsmiðstöð og ekki rekið í hagnaðarskyni. Við höfum gert upp nokkur sögufræg hús sem hafa verið notuð í menningarlegum tilgangi og ber helst að nefna RÍN húsið sem nú er jógamiðstöð og lífrænt bakarí. Við höfum rekið okkar eigin litlu kvikmyndagerð, Undraland Kvikmyndir, í 20 ár þannig að við erum vön því að láta rekstur ganga upp sem alla jafna er ekki mjög arðbær.

Að lokum viljum við segja þetta: við elskum Siglufjörð, við elskum félagslíf, við elskum að gera upp hús og við trúum því að það sé okkar hlutverk að leggja af mörkum til samfélagsins.

Með kærri kveðju og von um jákvæð viðbrögð,

Helena Stefáns Magneudóttir
Kvikmyndagerðarkona og myndbandshöfundur
Sími 862-7094

Arnar Steinn Friðbjarnarson
Prívíddarhönnuður og kvikmyndagerðarmaður
Sími 898-5677